



ÞJÓNUSTA VIÐ ÞOLENDUR KYNBUNDINS OFBELDIS OG HEIMILISOFBELDIS Á SUÐURLANDI

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Haraldur Þór Jónsson sveitarstjóri
Árnesi
804 Selfoss

Selfossi, 27. október 2023

Efni: Umsókn um styrk til SIGURHÆÐA

Kæri samstarfsaðili í SIGURHÆÐUM

Fyrir hönd SIGURHÆÐA færi ég Skeiða- og Gnúpverjahreppi innilegar þakkir fyrir lofsverðan stuðning og gefandi samstarf í þágu skjólstæðinga SIGURHÆÐA sem koma víðs vegar að af Suðurlandinu. Víðar á landinu er nú horft til bæði þessa viðamikla samstarfs og nálgunar SIGURHÆÐA við þróun þjónustu og er það vel.

Nú er kostnaðaráætlun vegna 2024 tilbúin og nemur hún kr. 57.487.500. Sá tími ársins er runninn upp að óskað er styrkja til rekstursins frá sunnlenskum sveitarfélögum, sem öll eru samstarfsaðilar. Hækkun á kostnaðaráætlun frá fyrra ári stafar að mestu af verðlagshækkunum, hækkun á verktakagreiðslum vegna ráðgjafar- og meðferðar (sem höfðu ekki hækkað frá upphafi árið 2021) og hærri leigugreiðslum, en SIGURHÆÐIR fluttu fyrr í haust í stærra og hentugra húsnæði að Heiðmörk 1a á Selfossi. Að auki er jafn stígandi í aðsókn að úrræðinu.

Nú er svo komið að um 270 skjólstæðingar hafa verið eða eru í langtímaþjónustu, sem innifelur einstaklingsviðtöl, hópameðferð, EMDR áfallameðferð og einnig viðtöl við lögreglu, lögmann, innflytjendafræðslu og túlkun eftir atvikum. Þá hefur einnig verið tekið á mótí aðstandendum og börnum að ósk barnaverndaryfirvalda. Öll þjónusta SIGURHÆÐA er endurgjaldslaus. Vegna þessarar auknu aðsóknar hefur skapast færi á að auka hópastarf og gera það markvissara. Þannig eru núna starfandi hópar fyrir 24 ára og yngri, 24-59 ára, 60+ og enskumælandi innflytjendur. Hópastarfið felur í sér þrjár tíu vikna lotur og velur yfirgnæfandi meirihluti skjólstæðinganna allar þrjár loturnar.

Í undirbúningi eru breytingar á EMDR meðferðinni, svokölluð ASSYST-nálgun, sem munu fela í sér að hópa- og þrepaskipta henni þannig að fleiri fá sérhæfða áfallamiðaða nálgun á

fyrstu þrepunum en færri munu þurfa einstaklingsmeðferð á lokaþrepum. Með þessum hætti verður hægt að stytta biðlista.

Haustið 2021 var sett fram sú stefna fyrir hönd SIGURHÆÐA að sveitarstjórnarstigið á Suðurlandi fjármagni þriðjung af kostnaðaráætlun hvers árs. Sú stefna hefur náð fram að ganga, sem er bæði lofsvert og þakkarvert. Er það dæmi um þá miklu ánægju, einhug og samstöðu sem ríkir um SIGURHÆÐIR, sem er einstök á landsvísu.

SIGURHÆÐIR hafa frá árinu 2022 verið áhersluverkefni í Sóknaráætlun Suðurlands með 5 mkr. framlagi og hefur verið sótt um áframhald á þeirri stöðu fyrir árið 2024, þriðja árið í röð. Ákvörðun um áframhald mun ekki liggja fyrir fyrr en í desember. Þessar 5 mkr. hafa komið til frádráttar þeim upphæðum sem sótt er um til sveitarfélaganna. Því er hér enn á ný hafður sá háttur á að nefna tvær upphæðir vegna mögulegs styrks, með og án 5 mkr. framlags úr Sóknaráætlun. Verði framhald á stöðu SIGURHÆÐA sem áhersluverkefnis Sóknaráætlunar með óbreyttu framlagi þá er leitað eftir styrk frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi að upphæð kr. 240.762. Komi ekkert framlag úr Sóknaráætlun er leitað styrks að upphæð kr. 325.762.

Við viljum nota þetta tækifæri og minna á árlegt 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi sem Sameinuðu þjóðirnar hafa forgöngu um og markast af degi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi 25. nóvember og lýkur á mannréttindadegi Sameinuðu þjóðanna 10. desember. Litur átaksins er appelsínugulur og er átakanu víða sýnd virðing með því að flagga appelsínugulum fánum og lýsa byggingar upp í þeim lit, eins og öll íslensk sendiráð erlendis munu gera þessa daga. Skeiða- og Gnúpverjahreppur hvattur til að taka þátt í átakanu.

Með innilegu þakklæti fyrir gefandi samstarf og órofa samstöðu um SIGURHÆÐIR, úrræði sem hefur sannað gildi sitt svo eftir er tekið.

Virðingarfyllst,

Hildur Jónsdóttir

verkefnisstjóri SIGURHÆÐA

Fylgiskjöl:

Kostnaðaráætlun 2024

Kostnaðarskipting sveitarfélaga